

AUGLÝSING

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um skipan skilanevndar fyrir Kaupþing banka hf.

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögnum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanevnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitinu barst, 8. október 2008, fór stjórn Kaupþings banka hf. þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það taki yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf. í samræmi við lög nr. 161/2002 sbr. og 5. gr. laga nr. 125/2008. Jafnframt kom fram í bréfinu að stjórn bankans hefur í heild sinni sagt af sér.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að skilyrði 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki séu uppfyllt, í ljósi knýjandi fjárhags- og rekstrarerfiðleika Kaupþings banka hf., kerfislegs mikilvægis hans og þeirra keðjuverkandi áhrifa sem mögulegt gjaldþrot hans kynni að hafa á íslenska hagkerfið, enda telur Fjármálaeftirlitið önnur úrræði þess ekki líkleg til að bera árangur.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanevnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki. Skilanevnd skal fara með öll málefni Kaupþings banka hf., þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanevnd skal fylgja ákvörðunum sem Fjármálaeftirlitið tekur á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Með hliðsjón af framangreindu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Skilanefnd skal vinna að því að tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi Kaupþings banka hf. hér á landi,
2. Innköllun til lánardrottna Kaupþings banka hf. skal eigi gefin út vegna ákvörðunar þessarar.
3. Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
4. Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar þessarar, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast.


Í skilanefnd hafa verið skipaðir:

- Finnur Sveinbjörnsson, hagfræðingur, formaður, kt. 310158-2329
- Guðný Arna Sveinsdóttir, viðskiptafræðingur, kt. 090266-3069
- Knútur Þórhallsson, lögg. endurskoðandi, kt. 230465-5419
- Steinar Þór Guðgeirsson, hrl., kt. 190871-5929
- Bjarki H. Diego, hrl., kt. 190368-3009


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

9. október 2008



Jón Sigurðsson
Formaður stjórnar



Jónas Fr. Jónsson
Forstjóri